Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun:

26. maí 2018 - 19. ágúst 2018

Mánudaga - Föstudaga	**kl. 10 - 22**
Laugardaga - Sunnudaga	**kl. 10 - 18**

Vetraropnun:

20. ágúst 2018 - 1. júní 2019

Mánudaga - Fimmtudaga	**kl. 14 - 22**
Föstudaga	**Lokað**
Laugardaga - Sunnudaga	**kl. 10 - 18**

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: **www.gogg.is**

Netfang: **sundlaug@gogg.is**

Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

UMF HVÖT 1907

HVATARBLAÐIÐ

Ágúst 2018

GRÍMSÆVINTÝRI á Borg 11.ágúst

Dagskrá frá kl 13.00 til 17.00

Tombóla – Hoppukastalar – Tintron – Leikfélagið Borg – Markaður – Blaðrarinn – Tónafljóð – Danssýning - Spákona - Popp og candyfloss – og margt fleira.

Tilboð á ís og pizzum í Verzluninni Borg – Frítt í sund á meðan á hátíðinni stendur – Flott tjaldsvæði á staðnum.

Allir velkomnir - frír aðgangur

Grímsævintýri er lítil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps þar sem meðal annars fer fram ein elsta tombóla landsins sem haldin hefur verið árlega frá árinu 1926. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshrepp.

FUNDARGERÐ.

436. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. júlí 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Ingibjörg Harðardóttir

Smári Bergmann Kolbeinsson

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. júní 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. júní 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 71. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. maí 2018.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 71. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 16. maí 2018.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Viðhald á húsi og lóð yfir sumartíma.

Fræðslunefnd vill beina því til sveitarstjórnar að loftræstikerfi skólahúsnæðisins verði komið í gagnið sem fyrst. Sveitarstjórn mun taka tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

ÁRTANGI

Hortensíur, sumarblóm & mikið úrval kryddjurta, einnig pottar og mold.

Opið alla daga nema sunnudaga frá kl. 10 - 16

Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 23. júlí til og með 10. ágúst 2018.

Skrifstofann opnar aftur mánudaginn 13. ágúst 2018

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- **Jarðvinnu**
- **Tætingu**
- **Trjákurlun**
- **Þökulagningu**
- **Bílaflutninga**
- **Jarðheflun**
- **Fólksflutninga**

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar – Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

b) Fundargerð 159. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. júní 2018.

Mál nr. 18, 19, 20, 21, 22 og 29 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 159. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 28. júní 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 18: 1710034 - Suðurheiðarvegur 8-10 lnr. 169456: Breytt stærð lands og innri afmörkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðurkots sem nær til lóðanna Suðurheiðarvegur 8-10 þar sem lóðirnar hafa verið mældar upp ásamt því að innri afmörkun þeirra breytist og stærðir í kjölfar þess. Send var grenndarkynning til þeirra tveggja landeigenda sem ekki lá fyrir samþykki og barst athugasemd með bréfi Guðmundar Óla Björgvinssonar frá Lagastoð, dags. 11. júní 2018, f.h. eiganda Norðurkots Kringlumýri þar sem gerð er athugasemd við breytinguna á þeim forsendum að ekki liggi fyrir eða sjáist glögglega á gögnum að afmörkun sem liggur að óskiptu landi Norðurkots og Norðurkots Kringlumýri fari ekki inn á það land. Þá liggja fyrir viðbrögð umsækjanda við athugasemdinni í tölvupósti sem barst þann 18. júní 2018, þar sem kemur m.a. fram að ítrekað hafi verið reynt að ná sambandi við þá sem gerðu athugasemdir og boðist til að hittast, en án árangurs. Á fundi sveitarstjórnar þann 8. nóvember 2017 var það mat sveitarstjórnar að breytingin væri óveruleg og samþykkti hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda skipulags-tillöguna til Skipulagsstofnunar og auglýsa í B-deild stjórnartíðinda. Þar sem ekki liggja fyrir undirskriftir allra eigenda aðliggjandi landeigna er ekki tekin afstaða til landamerkja milli Suðurheiðarvegar 8-10 og óskipts lands Norðurkots og Norðurkots Kringlumýri.

Mál nr. 19: 1806050 - Öndverðarnes I: Frístundabyggð: Stækkun aukahúss: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Sigurði H. Sigurðssyni f.h. stjórnar Öndverðarness ehf., dags. 13. júní 2018 um skilmálabreytingu

á gildandi deiliskipulagi sumarhúsabyggðar í Öndverðarnesi I. Lóðir á svæðinu eru frá 2800 m²-7097 m² að stærð. Óskað er eftir að í texta skilmála um aukahús verði leyft að byggja allt að 40 m² aukahús í stað 25 m² í gildandi skipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi þar sem verði leyft að byggja allt að 40 m² gesthús/geymslu/gróðurhús á lóðum sem eru 4.000 m² og stærri. Á lóðum sem eru minni en 4.000 m² skuli notast við gildandi skilmála, þ.e. 25 m². Einnig samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ákvæði um hámarksstærð húsa sem er 250 m² í gildandi skilmálum skuli felld út þar sem það fer yfir nýtingarhlutfallið 0,03 vegna stærðar lóða innan skipulagssvæðisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 20: 1805051 - Neðan-Sogsvegar 14 L169341: Norðurkot: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Páli Gunnlaugssyni f.h. lóðarhafa um breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingin felur í sér skv. meðfylgjandi uppdrætti að lóð 14 er stækkuð úr 13.800 m² í 14.795,5 m² og lóð 14B er stækkuð úr 18.000 m² í 37864,5 m². Þá er gert ráð fyrir byggingarreit á lóð 14. Jafnframt liggur fyrir samþykki eigenda aðliggjandi lóða vegna ytri afmörkunar lóða 14 og 14B á samþykktu lóðablaði, dags. 10. febrúar 2017 en þær eru í dag skráðar í Þjóðskrá sem ein lóð með stærðina 52.660 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: 1806051 - Miðengi L168261: Byggingarreitur B stækkaður: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Helgu Gústavsdóttur f.h. landeigenda, dags. 18. júní 2018 um breytingu á gildandi deiliskipulagi á bæjartorfunni Miðengi, landnr. 168261. Breytingin felst í að byggingarreitur B fyrir útihús stækkar til norðurs og verður 6.500 m² (var áður 3.500 m²).

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytinguna og er hún að mati sveitarstjórnar óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Fundur um þjóðgarð á hálendinu 27. ágúst í Árnesi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðar til fundar um þjóðgarð á miðhálendi Íslands í Félagsheimilinu Árnesi mánudaginn 27. ágúst. kl 18:00.

Formaður miðhálendisnefndar Óli Halldórsson kynnir verkefni nefndarinnar og fer yfir tímarás verkefnisins. Að framsögu hans lokinni mun hann leitast við að svara fyrirspurnum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

FJALLMENN ATH !

Farið verður á fjall föstudaginn 7. september í Grímsnesi.

Fjallskilanefnd

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin alla virka daga frá 9:00 – 15:00

Viðtalstími hjá oddvita og/eða sveitarstjóra
er eftir samkomulagi.
www.gogg.is

Íþróttamiðstöðin Borg

Karlkyns starfkraftur óskast til starfa
í 100% framtíðarstarf

Aðeins 18 ára og eldri koma til greina

Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar Borg.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2018

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir
netfang: rut@gogg.is eða í síma 899-8841

Þar sem ekki er verið að auka við byggingarmagn né um aðra hagsmunaaðila að ræða er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 22: 1806054 - Borgarhólsbraut 4 L169685: Hvítárbraut 27A L225120: Staðfesting á afmörkun lóða.

Fyrir liggur umsókn Eyjólfs Guðjónssonar, dags. 15. júní 2018 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærðum lóðanna Borgarhólsbraut 4, landnr. 169685, stærð 10.784.4 m^2 og Hvítárbraut 27A landnr. 225120, stærð 10.401,7 m^2, úr landi Vaðness skv. uppfærðu lóðablaði dags. 6. júní 2018. Árið 2014 var tekin fyrir umsókn um skiptingu Borgarhólsbrautar 4 í tvennt skv. lóðablaði, dags. 2. desember 2013 sem var samþykkt með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða. Nýlega lá fyrir samþykki eigenda aðliggjandi lóða á lóðablaðinu frá 2013 en í millitíðinni hafði lóðin Hvítárbraut 27A verið stofnuð sem misræmismál byggt á eldri þinglýstum gögnum en engin nákvæm afmörkun lóðanna hafði legið fyrir. Afmörkun lóðanna hefur ekki breyst á milli lóðablaða og er því núna einungis verið að sækja um staðfestingu á afmörkun ásamt breytingu á stærð þeirra í fasteignaskrá þar sem núverandi skráð stærð þeirra beggja er 10.000 m^2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðanna og breytingu á stærð lóða. Ekki eru gerðar athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 29: 1806002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 81.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. júní 2018.

c) Fundargerð 53. fundar stjórnar Umhverfis– og tæknisviðs Uppsveita bs., 21. júní 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 54. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 28. júní 2018.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 54. fundargerð stjórnar Umhverfis– og tæknisviðs Uppsveita, dags. 28. júní 2018.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Starfsmannamál.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi verði einnig skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins þar til annað verði ákveðið.

e) Fundargerð 12. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 10. apríl 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 34. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 18. júní 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs., 18. júní 2018.

Mál nr. 6 og 8 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs., dags. 18. júní 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 6: Bygging sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlaða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að byggður verði sjö íbúða þjónustukjarni á Selfossi, sem íbúðalánasjóður hefur samþykkt að veita stofnframlög fyrir.

Mál nr. 8: Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að keypt verði húsnæði fyrir nýtt úrræði barna með fjölþættan vanda. Jöfnunarsjóður mun taka þátt í rekstrarkostnaði úrræðisins.

3. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggja tvær umsóknir starfsmanna Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknirnar eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja umsækjendur til náms í kennarafræðum

Frá Leikfélaginu Borg

Leikfélagið Borg heldur leiklistanámskeið fyrir börn og ungmenni **dagana 7. - 10. ágúst** frá kl. 17:00 - 19:00

Námskeiðið verður á Borg, mikið úti og kannski eitthvað inni, fer eftir veðri.

Í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 11. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið leikfelagidborg@gmail.com eða í síma 894-0932

skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 150.000 skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.

Björn Kristinn Pálmarsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

4. Úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 1/2018, Kerhraun 52, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar frá 22. júní s.l. í máli nr. 1/2018 vegna kæru eigenda Kerhrauns 52, Grímsnes- og Grafningshreppi um álagningu fasteignaskatta. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki IV í Hótel Grímsborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 19. júní 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki IV í Hótel Grímsborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

Til kynningar

√ SASS. Fundargerð 533. stjórnarfundar 01.06 2018.

√ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 861. stjórnarfundar, 29.06 2018.

√ Háskólafélag Suðurlands ehf.
Fundargerð 10. aðalfundar, 12.06 2018.

√ Háskólafélag Suðurlands ehf., ársskýrsla 2017.

√ Háskólafélag Suðurlands ehf., ársreikningur 2017.

-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50

Pizza vagninn

Sími 899-2910

Júlí/ágúst 2018

www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
26. júlí	27. júlí **Brautarholt** 18:00-20:30	28. júlí **Reykholt** 18-21
2. ágúst	3. ágúst **Flúðir** 18-21	4. ágúst **Lokað í dag**
9. ágúst	10. ágúst **Árnes** 18:00-20:30	11. ágúst **Reykholt** 18-21
16. ágúst	17. ágúst **Sumarfrí**	18. ágúst **Sumarfrí**

Pizza vagninn

Sími 899-2910

Ágúst/sept 2018

www.pizzavagninn.is Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
23. ágúst	24. ágúst **Brautarholt** 18:00-20:30	25. ágúst **Reykholt** 18-21
30. ágúst **Laugarvatn** 18:00-20:30	31. ágúst **Flúðir** 18-21	1. sept **Lokað í dag**
6. sept	7. sept **Árnes** 18:00-20:30	8. sept **Reykholt** 18-21
13. sept **Laugarvatn** 18:00-20:30	14. sept Lokað vegna réttardags	15. sept **Borg** 18:00-20:30

Sumargleði í Mörkinni

Félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps áttu saman skemmtilegt kvöld í sumarbústaðnum sínum, Mörkinni, í byrjun júní þar sem tilefnið var að fagna nýloknum endurbótum á bústaðnum. Búið er að mála hann allan að innan, skipta um eldhúsinnréttingu, ný húsgögn og skipta um gólfefni. Það má með sanni segja að bústaðurinn hafi fengið veglega andlitslyftingu. Félagið hefði ekki getað farið í þessar umbætur nema fyrir höfðinglega gjöf frá afkomendum Kristínar Halldórsdóttur í Öndverðarnesi, sem var heiðursfélagi og ein af stofnendum félagsins. Félagskonur áttu saman ánægjulega kvöldstund þar sem konur sameinuðust um að koma með veitingar á matarborðið. Skálað var fyrir Mörkinni og þeim Guðrúnu Gunnars og Díönu sem héldu utan um framkvæmdirnar, sem og rifjaðar voru upp skemmtilegar sögur úr starfi kvenfélagsins.

Grís og flesk ehf er svínabú í Laxárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

María Guðný Guðnadóttir og Hörður Harðarson byrjuðu með eina gyltu í gömlu hesthúsi árið 1978. Í dag eru gylturnar orðnar 160 sem er talið lítið bú í dag. Þetta er lítið fjölskyldubú. Bændurnir rækta sitt eigið bygg, hveiti og repju til að fóðra svínin.

Það sem er nokkuð sérstakt við eldið á okkar svínum er að þau eru alin að mestu á **íslensku fóðri**.

Árið 2007 hófst kornræktin í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem nægjanlegt land er til staðar, en sama ár var ræktað á um 30 hekturum. Næstu árin var aukið við ræktunina jafnt og þétt. Komið var upp búnaði til að þurrka, geyma og flytja kornið. Einnig var fjárfest í tækjum til jarðvinnslu og sáningar.

Í dag er meginhluti ræktunarinnar bygg en einnig er ræktun á repju og hveiti vaxandi ásamt því að tilraunir hafa verið gerðar með ræktun á bókhveiti, rúg og höfrum. Árið 2017 var ræktað bygg á um 190 hekturum og repju á um 40 hekturum. Þá eru gerðar tilraunir með hentugar aðferðir til að hvíla land sem er í stöðugri ræktun og hvaða ræktunar aðferðir henta best.

Í dag er íslenskt hráefni í um 80% af öllu fóðri sem framleitt er fyrir svínin í Laxárdal.

Við opnuðum kjötvinnslu í júlí 2018 sem staðsett er í nýju iðnaðarhúsnæði að Tvísteinabraut í Árnesi. Við seljum kjötið undir vöruheitinu **Korngrís frá Laxárdal**. Þar erum við með kjötborð og alla vinnslu.

korngris@korngris.is

Korngrís frá Laxárdal er á facebook

GRÍS OG FLESK
Korngrís frá Laxárdal

Sveitagarðurinn er dýra- og afþreyingargarður á
Stóra-Hálsi í Grafningi.

Við erum staðsett 15 km frá Selfossi og 7 km frá Sogsbrúnni við Þrastalund. Garðurinn verður opinn alla daga í sumar frá 12:00 – 18:00.

Í sveitagarðinum eru hestar, kálfar, svín, kindur, geitur, hænur, endur, dúfur, kanínur, kisur og refir.

Hægt er að klappa hestum og fara á bak, halda á kanínum og kettlingum, heilsa upp á hin dýrin og kynnast þeim.

Það er flottur leikvöllur fyrir breiðan aldurhóp. Flottur kastali, lítil hús, sandkassi, rólur og fleira skemmtilegt.

Við erum með litla veitingasölu, íspinna, candy floss og eitthvað sælgæti. Auk þess erum við með ullarvörur til sölu.

Sími: 898 1599 / 697 9461
Heimasíða: http://sveitagardurinn.is
Facebook: Sveitagarðurinn - Familypark

Verð:
0-2 ára - frítt
3-14 ára - 800 kr.
Fullorðnir - 1.200 kr.

Vallamót 2018

Árlegt Vallamót Hestamannafélagsins Trausta verður haldið laugardaginn 18. ágúst n.k. á Laugarvatnsvöllum. Líkt og fyrr verður keppt í smalakeppni og verður smalakeppninni skipt í smala 1, þ.e. 14 ára og yngri (fæddir 2004 og seinna) og smala 2, þ.e. 15 ára og eldri (fæddir 2003 og fyrr).

Mótið hefst kl. 10:00 og er dagskrá sem hér segir:

Barnaflokkur

Unglingaflokkur/ungmennaflokkur

Pollaflokkur

Firmakeppni

Smali 1

Smali 2

Verðlaunaafhending fer fram strax að lokinni keppni í hverjum flokki.

Sé áhugi fyrir hendi á verður keppt í kappreiðum, þ.e.a.s. í skeiði eða stökki.

Skráningar í alla flokka verða á staðnum.

Vallamótsnefnd Trausta

HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga

Árlegt reiðnámskeið Hestamannafélagsins Trausta fyrir börn og unglinga hefst sunnudaginn 12. ágúst og lýkur miðvikudaginn 15. ágúst.

Kennt verður seinni partinn og á kvöldin og kennari verður Sólon Morthens.



Fimmtudaginn 16. ágúst verður svo riðið inn í Kringlumýri, grillað, farið í leiki og gist.

Börn 12 ára og yngri þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Skráning á reiðnámskeiðið, reiðtúrinn og gistingu er hjá Guðný á Ormsstöðum í síma 894-0932 og hjá Auði á Hömrum í síma 867-6452 fyrir kl. 22:00 laugardagskvöldið 11. ágúst.

Æskulýðsnefnd Trausta



SVEITAGARÐURINN

Meiriháttar harmonikuhátíð

á Borg í Grímsnesi um verslunarmannahelgina!

Já, það verður fjör á Borg um verslunarmannahelgina og það verða böll öll kvöldin; **föstudag, laugardag og sunnudag!**

Frábærir harmonikuleikarar ásamt hljómsveitum leika fyrir dansinum!

Bodö trekkspilklubb, ein besta harmonikuhljómsveit Noregs, spilar á laugardagsballinu auk þess að halda **ógleymanlega hljómleika** á laugardaginn kl. 14:00!

Á laugardag verður **harmonikumarkaður** á vegum EG tóna ef menn vilja kaupa eða selja nikku!

Allir eru velkomnir á Borg um verslunarmannahelgina.

Félag harmonikuunnenda í Reykjavík Sími 894 2322

Fjölmennum og tökum með okkur góða gesti og gott skap